

Nö.

244. Nefndarátt

um frv. til laga um viðauka við og breytingu á fátækralögum 10. nóv. 1905.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klotnað í þessu máli og vill meiri hlutinn algerlega fella frumvarpið.

Minni hlutinn lítur svo á, að hjer sje farið fram á sanngjarnar rjettar-
bætur þeim mönnum til handa, sem við erfðust kjör eiga að búa í þjóðfelaginu,
og að því beri að stefna, að menn missi eigi rjettindi sin, þólt þeir af ósjálfráð-
um atvikum þurfi að leita opinbers styrks sjer og sinum til framsærslu.

Hins vegar þykir öðrum manni í minni hlutanum (2. þm. Árn.) of langt
skref tekið með frv., og vill því aðeins samþykkja það með nokkrum breyting-
um, og vill flutningsmaður eftir atvikum fallast á þær breytingar, í trausti þess,
að frv. þannig breytt nái frekar fram að ganga.

Samkvæmt framansögðu leyfir minni hlutinn sjer að leggja til, að háttv.
deild samþykki frv. með eftirfarandi

BREYTINGUM :

1. a. Við 1. gr. b. Orðin æða vottorði tveggja skilríkra mannaæ falli burt.
b. Við 1. gr. c. Liðurinn falli burt.
2. 2. gr. falli burt.
3. 3. gr. falli burt.

Stafliðir og greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.

Alþingi, 28. mars 1924.

**Jón Baldvinsson,
fundaskrifari, frsm. minni hl.**

Jörundur Brynjólfsson.